

Krafla — Námafjall

Fornleifaskráning

Inga Sóley Kristjónudóttir



Rammaáætlun



Fornleifavernd
ríkisins

2008:12



Forsíða: Ljósmynd: Gamli vegur, kort af Kröflusvæðinu, LMÍ.
© 2008 Fornleifavernd ríkisins/ Inga Sóley Kristjónudóttir
Rit Fornleifaverndar ríkisins 2008:12
Ritstjóri Kristín Huld Sigurðardóttir
Öll réttindi áskilin
ISSN 1670-6846
ISBN 978-9979-9906-3-5

Prentun: Nón og Leturprent

Efnisyfirlit

1	Inngangur	3
2	Krafla og Námafjall	5
2.1	Fjárborg	7
2.2	Jarðböðin við Mývatn.....	8
2.3	Brennisteinsnámurnar	12
2.4	Þjóðleiðin milli Norður- og Austurlands / Gamlivegur.....	15
2.5	Dalsrétt og Dalshús	18
2.6	Fornbýli á Selholt.....	21
2.7	Skarðssel.....	23
3	Niðurstöður	27
4	Heimildaskrá	29
5	Viðauki 1 – listi yfir skráðar fornleifar	31

Myndaskrá

Mynd 1. Rannsóknarsvæði við Kröflu og Námafjall afmarkað með gulri línu ofan á Atlas-kort frá LMÍ.....	5
Mynd 2. Dreifing skráðra fornleifa á rannsóknarsvæðinu. Loftmynd frá Loftmyndum ehf.	6
Mynd 3. Fjárborg (471) afmörkuð með grænum lit. Uppmæling Sigurður Bergsteinsson, 2008. Loftmynd frá Loftmyndum ehf.....	7
Mynd 4. Dreifing minja við Jarðbaðshóla. Þá má einnig sjá Fjárborg, nr 471. Loftmynd frá Loftmyndum ehf.	8
Mynd 5. Hugsanlegar leifar af hleðslu tengdum hinu forna jarðbaði við Mývatn. Ljósmynd ISK 2008.	10
Mynd 6. Tvær hringlaga hleðslur og laut með leifum af gufubaði frá 20. öld. Uppmæling ISK og SB, 2008. Loftmynd frá Loftmyndum ehf.	11
Mynd 7. Minjar um jarðbað frá 20. öld. Séð í vestur. Ljósmynd ISK 2008.	12
Mynd 8. Gamlar reiðgötur frá Kröflu sem hverfa inn undir hraun frá Mývatnseldum. Götturnar eru uppblásnar skammt sunnan við. Séð í suður. Hlíðarfjall í bakgrunni. Mynd ISK 2008.....	14
Mynd 9. Dreifing minja tengdum Gamlaveg, gömlu þjóðleiðinni milli Norður- og Austurlands 424-445). Einnig sjást hér dreifing minja Dalhúsa og Dalréttar (446-454). .	15
Mynd 10. Nýleg varða, hrunin að hálfu. Nýlega upphlaðnar vörður varða gömlu þjóðleiðina austan Námaskarðs. Hægra megin sést í núverandi þjóðveg. Séð í austur. Mynd ISK 2008.....	16
Mynd 11. Reiðgötur á gömlu þjóðleiðinni milli Norður- og Austurlands. Vinstra megin við sést í vörðu og núverandi þjóðveg. Dalbjall og Námaskarð í bakgrunni. Mynd SB 2008.....	17
Mynd 12. Uppdráttur af minjum við Dalshús og Dalsrétt. Hleðslur eru táknaðar með ljósgrænu, dældir með grænu og götur með brúnu. Uppdráttur SUP 2008. Loftmynd Loftmyndir ehf.....	18
Mynd 13. Dalsrétt og Dalshús. Gilið með tveimur hólfum sést greinilega. Myndin er tekin í suðaustur úr hlíðum Dalsfjalls. Mynd ISK 2008.....	19
Mynd 14. Uppdráttur af tóftunum á Selholti. Uppmælingar ISK og SB, 2008. Loftmynd frá Loftmyndum ehf.	21
Mynd 15. Efri tóftin á Selholti. Horft í suðaustur. Mynd ISK 2008.....	22
Mynd 16. Dreifing minja á Skarðsseli. Uppmæling ISK og SB. Loftmynd frá Loftmyndum ehf.	23
Mynd 17. Uppdráttur af minjum við Skarðssel. Uppmælingar gerðu ISK og SB, 2008. Loftmynd frá Loftmyndum ehf.	24
Mynd 18. Skarðssel. Tóft með þremur hólfum. Tekið í suður. Mynd SB.	25
Mynd 19. Stærsta tóftin (460) í Skarðsseli. Í bakgrunni er vegurinn upp í Kröflu og svo Dalbjall og Hvithólaklif. Hægra megin sést í tóft með þremur hólfum (458) og fjárhústóft (457).....	26
Mynd 20. Reiðgötur neðst í Hvithólaskarð sem hverfa undir hraun úr Mývatnseldunum 1724-29.	26

1 Inngangur

Í september 2007 skipuðu Þórunn Sveinbjarnardóttir umhverfisráðherra og Össur Skarphéðinsson iðnaðarráðherra verkefnisstjórn sem falið var að undirbúa annan hluta rammaáætlunar um verndun og nýtingu náttúrusvæða. Verkefnisstjórnin tók við af eldri stjórn sem fjallaði um fyrsta hluta rammaáætlunar og lauk hún störfum árið 2003. Í fyrsta hluta var lögð áhersla á vatnsaflsvirkjanir, en núverandi verkefnisstjórn leggur áherslu á mat á háhitasvæðum. Henni er þó einnig ætlað að fjalla um vinnuna í fyrsta áfanga og flokka í lokin og leggja mat á virkjunarkosti, jafnt vatnsafls sem háhita, og meta áhrif þeirra á náttúrufar, náttúru- og menningarminjar. Meðal annars með tilliti til orkugetu, hagkvæmni og annars þjóðhagslegs gildis. Samhliða því á að skilgreina og meta áhrif á hagsmuni allra þeirra sem nýtt geta þessi sömu gæði. Undir verkefnisstjórn munu starfa faghópar skipaðir sérfræðingum á viðeigandi sviðum. Faghópnum er ætlað er að fara yfir virkjunarkosti hver frá sínum sjónarhóli, meta þá með stigagjöf og gera tillögur til verkefnastjórnar.

Verkefnastjórnin á að ljúka störfum og skila skýrslu til umhverfis- og iðnaðarráðherra með heildarmati á virkjunarkostum fyrir árslok 2009. Í fyrsta áfanga störfuðu nokkrir faghópar, þeirra á meðal faghópur eitt sem var m.a. ætlað að meta áhrif virkjunakosta á minjar. Fornleifafræðingar frá Þjóðminjasafni Íslands störfuðu í faghópnum.

Mjög litlar rannsóknir hafa verið gerðar á fornleifum á miðhálandinu og vakti starfshópurinn athygli á því. Faghópurinn studdist við svæðisskráningu sem Fornleifastofnun Íslands ses hafði tekið saman. Svæðisskráning felur eingöngu í sér samantekt á heimildum, en ekki skráningu fornleifa á vettvangi. Mat á fornleifum í fyrsta áfanga byggði því ekki á vettvangsrannsóknum og veikti það niðurstöður mats á gildi minjanna.

Þegar vinna við annan áfanga hófst var því ákveðið að skrá fornleifar á þeim svæðum sem fjallað verður um. Bæði er um að ræða rannsóknir á heimildum um svæðin og eins hefur verið farið á öll svæðin og fornleifar skráðar á vettvangi.

Upphaflega var áætlunin að ráða fornleifafræðinga til að taka verkið að sér en þar sem skortur var á fornleifafræðingum vann starfsólk Fornleifaverndar ríkisins verkið undir stjórn Sólborgar Unu Pálsdóttur. Þá var nemi á loka ári BA-náms í fornleifafræði ráðinn sem aðstoðamaður við heimildavinnu og skráningu. Svæðin sem um er að ræða eru 19 og hófst vinnan í maí 2008 og lauk í nóvember 2008.

Skýrsla þessi er liður í fornleifaskráningu háhitasvæða sem til umfjöllunar eru í öðrum áfanga rammaáætlunar. Hér verður fjallað um háhitasvæði milli Kröflu og Námafjalls.

Um vettvangsvinnu sáu Inga Sóley Kristjónudóttir og Sigurður Bergsteinsson, starfsmenn Fornleifaverndar ríkisins, sumarið 2008. Á vettvangi voru minjarnar uppmældar með Trimble ProX GPS-tæki og ljósmyndaðar. Þá var ástand minjanna kannað og varðveislugildi minjanna metið. Við þá vinnu var stuðst við skráningarstaðla Fornleifaverndar ríkisins. Allar upplýsingarnar voru færðar inn í landfræðilegan gagnagrunn Fornleifaverndar ríkisins og sá Sólborg Una Pálsdóttir um þann hluta verksins. Skýrslugerð var í höndum Ingu Sóleyjar Kristjónudóttur.

2 Krafla og Námafjall




Mynd 1. Rannsóknarsvæði við Kröflu og Námafjall afmarkað með gulri línu ofan á Atlas-kort frá LMÍ.

Svæðið er nær allt á hinu forna landsvæði Reykjahlíðar. Reykjahlíð er kirkjustaður og ein landmesta jörd Íslands. Bærinn stendur við norðausturhorn Mývatns. Bæjarstaðið og túnin eru ekki inn á afmörkuðu rannsóknarsvæði. Eldgos hafa orðið í Kröflukerfinu á sögulegum tíma og rann hraun til byggðar í Mývatnseldunum sem voru á árunum 1724-29. Aftur voru eldsumbrot árið 1975 og lauk þeim árið 1984 en þá höfðu runnið yfir 60 ferkílómetrar af hrauni.¹ Svæðið einkennist því að tölurverðu leyti af nýju og nýlegu hrauni. Langflestar minjarnar tengjast búskap í Reykjahlíð auk minja tengdum


¹ Ari Trausti Guðmundsson: *Eldgos 1913-2004*, 10.

gömlu þjóðleiðinni austur að Grímsstöðum. Þá eru einnig minjar tengdar nýtingu á jarðhita.



Mynd 2. Dreifing skráðra fornleifa á rannsóknarsvæðinu. Loftmynd frá Loftmyndum ehf.

2.1 Fjárdborg



Mynd 3. Fjárdborg (471) afmörkuð með grænum lit. Uppmæling Sigurður Bergsteinsson, 2008. Loftmynd frá Loftmyndum ehf.

Heimildir

Fjárdborg er á suðausturhorni Hæðanna, skammt norðan við þar sem Kísiliðjan áður stóð. Malarvegir liggja framhjá Fjárdborgina sinn hvoru megin. Samkvæmt Örnefnaskrá Reykjahlíðar er Fjárdborg hraungígur sem áður fyrr var notað sem fjárskýli.² Í Fornleifaskrá Skútustaðahrepps er Fjárdborg lýst á eftirfarandi hátt:

Lífill hraungígur eða stampur. Norðurveggurinn er allt að 15 m hár, annars lágar hliðar, þó skepnuheldar. Stórt op að austanverðu og annað mun minna að sunnan; má ímynda sér að hlaðið hafi verið upp í það. Nú eru engar hleðslur sjáanlegar. Botn gígsins er grasi vaxinn og hallandi.³

² Örnefnaskrá Reykjahlíðar, 1297.

³ Birna Lárusdóttir, o.fl.: *Fornleifaskráning í Skútustaðahreppi IV*, 82.


Lýsing

Fjárborg er náttúrulegur hraungígur með tvö op, eitt í suðurátt og eitt austanmegin. Hugsanlega hafa, eins og segir í Fornleifaskrá Fornleifastofnunnar, áður verið einhverjar hleðslur við gíginn, en þær hafa þá horfið, því engar hleðslur eru nú sjánlegar. B

Verndunarforsendur

Vitað er að gígurinn hefur verið notaður sem fjárskýli. Ekki eru þó sjáanlegar neinar minjar þess svo sem hleðslur. Þá hefur verið töluvert rask á svæðinu í kringum gíginn. Hann telst því ekki hafa mikið minjagildi.

2.2 Jarðböðin við Mývatn



Mynd 4. Dreifing minja við Jarðbaðshóla. Þá má einnig sjá Fjárborg, nr 471. Loftmynd frá Loftmyndum ehf.

Heimildir

Jarðbaðshólar eru um 50-60 m háir gjallhólar sem afmarka Bjarnarflag að suðvestan. Þeir draga nafn sitt af jarðbaðinu sem var hér í aldaðir. Jarðbaðsins er getið í heimildum þegar á 16. öld og var þá sagt vera fornt.⁴ Í Örnefnaskrá Reykjahlíðar segir:

Jarðbaðshólar taka við næst austan Grjóta. Þar er Jarðbað, er gufubaðstofa í Jarðbaðshólum. Byggt var yfir hana 1955-56. Sagt er að Guðmundur góði hafi vígt þennan stað.⁵

Undir hólunum er mikill jarðhiti og streymir víða heit gufa upp. Gufubað hér var talin mikil heilsubót. Elsta lýsingin af jarðbaðinu er frá 1747 en því er lýst í sýslulýsingu Jóns Benediktssonar.

I Sonden fra for ommældte Reickehlijdernámer er eet Jordbad opbyggt udi gamle Dage med slette Steenvegge. Samme Bad siges at være indviet i de catholisce Tiider af een Biskop til Hoolumstift kaldet Gudmunder den Gode. Dette Jordbad er overdekket med Sand og store Steene, men Veggene af faste Steenklipper og Gulvet af tør Sand, hvor i ere 2de Huuler eller Jordovne, som opgive af sig een stærk Damp og Varm. Men dybt ned i Jorden i disse Ovnhuller hører mand eet Bulder ligesom af eet forfærdeligt og stærk Væir eller som af Tordenlijd, hvilcket endelig maae give sine effectus af eet ildspringende Vand ned under i Jorden; og siges dette Bad være sundest fra Ste Hans Dag til Mariæ Besög:dag og paa de Tiider om Aaret findes der Mængde af Folk forsamlet. Somme restitueres og saa ved dette varme Jordbad til sin förige Sundhed.⁶

Eggert Ólafsson og Bjarni Pálsson skoða jarðbaðið árið 1752 og Sveinn Pálsson árið 1794.⁷ Þeir lýsa því allir á svipaðan máta, sem þurrabað í hraungjótu sem hefur verið hlaðin upp með hraunsteinum. Situr fólk í sandi á gólfinu og gufur stiga upp um tvö göt á gólfinu. Jarðbaðinu er svo aftur lýst árið 1814 af Ebenezer Henderson sem kofa hlöðnum yfir hraungjótu sem gufustrumur stendur upp úr.⁸

Stuttu eftir aldamótin 1800 létust tvö gamalmenni í jarðbaðinu og lagðist notkunin á því að mestu niður eftir það.⁹ Árið 1955 var svo byggt baðhús úr timbri norðvestan í Jarðbaðshólum en það var rífið eftir að hafa verið töluvert notað um skeið. Tveir baðskúrar stóðu þó enn í hólunum.¹⁰ Um tíma tíðkaðist einnig að tjalda yfir gufustrókana og fara þannig í gufubað.¹¹ Fyrir nokkrum árum var svo opnað sundlón með heitu vatni, Jarðböðin í Mývatni, við Jarðbaðshóla.

⁴ Jón Gauti Jónsson: „Mývatnssveit með kostum og kynjum“, 116.

⁵ Örnefnaskrá Reykjahlíðar, 1298.

⁶ Jón Benediktson: „Myvands Thinglav“, 235.

⁷ Eggert Ólafsson: *Ferðabók Eggerts og Bjarna*. - Sveinn Pálsson: *Ferðabók Sveins Pálssonar*, 400.

⁸ Henderson: *Ferðabók Hendersons*, 104.

⁹ *Lýsing Þingeyjarsýslu I*, 264

¹⁰ Helgi Hallgrímsson. Söguminjar í Mývatnssveit, 23-24.

¹¹ Örnefnaskrá Vogar. Viðbót, 1, 8.



Mynd 5. Hugsanlegar leifar af hleðslum tengdum hinu forna jarðbaði við Mývatn. Ljósmynd ISK 2008.

Lýsing

Skráðar voru leifar mannvirkja á fjórum stöðum í Jarðbaðshólum. Að sögn heimamanna mun einn staðurinn vera sá þar sem gamla jarðbaðið stóð.¹² Er það suðvestan við núverandi jarðbað rétt vestan við fjölfarinn stikaðan göngustíg. Ekki sjást neinar afgerandi leifar mannvirkja á svæðinu en um er að ræða tvo mjög lága hóla (466 og 467) sem bera greinileg merki jarðhita. Hugsanlegar leifar af grjóthleðslum eru á hólunum. Malartökusvæði og vegaslóðar því tengdu eru skammt norðan við.

¹² Viðtal við Sigfús Illugason sem ættaður er frá Reykjahlíð.



Mynd 6. Tvær hringlaga hleðslur og laut með leifum af gufubaði frá 20. öld. Uppmæling ISK og SB, 2008. Loftmynd frá Loftmyndum ehf.

Vestan í hólunum fundust svo þrjú mannvirki. Eru það tvær hringlaga hleðslur (468 og 469) úr grjóti sem nýta náttúrulegar línur hraunsins. Bárújárn sést við báðar hleðslurnar og gaddavír við þá síðari. Þriðja mannvirkið (470) er ofan í aflangri laut. Lautin er grasi gróin í botninum og austast í henni er hellir. Vestast í lautinni eru myndarlegar hleðslur og leifar af bárújárnsþaki. Fornleifaskrá Skútustaðahrepps IV hefur eftir heimildamanni að hugsanlega sé um að ræða jarðbað frá 20 öld sem aldrei var fullgert.¹³

¹³ Birna Lárusdóttir, o.fl.: *Fornleifaskráning í Skútustaðahreppi IV*, 82.



Mynd 7. Minjar um jarðbað frá 20. öld. Séð í vestur. Ljósmynd ISK 2008.

Verndunarforsendur

Eingöngu einar minjar fundust sem hugsanlega tengjast hinu forna jarðbaði. Ekki var þó hægt að staðfesta að svo væri, en hleðslur voru mjög ógreinilegar. Allar aðrar minjar virðast vera frá 20. öld. Þær hafa því ekki náð tilskyldum aldri til að teljast til fornleifa. Minjarnar um jarðbaðið frá 20. öld eru þó hluti af mikið eldri sögu staðarins og fá því aukið gildi þegar litið er á þær sem framhald af gamallri hefð í sveitinni.

2.3 Brennisteinsnámurnar

Heimildir

Ekki er vitað hvenær brennisteinsnám hófst hér á landi en fyrst er minnst á brennistein í rituðum heimildum á 13. öld.¹⁴ Brennisteinsnámurnar í Þingeyjarsýslu birtast svo í rituðum heimildum á 16. öld, en þá stóðu yfir deilur um eignaráð yfir námunum.¹⁵ Við Kröflu og Námafjall voru tvö af fjórum námusvæðum sýslunnar. Verzlun með breinnistein var mjög arðvænleg og á seinni hluta 16. aldar keypti konungur námurnar og voru þær síðan í eigu konungs og síðar íslenska ríkisins. Hagnaður af versluninni minnkaði þó smá saman og um aldamótin 1600 var hann eingöngu brot af því sem áður var.¹⁶ Brennisteinsnámið fór svo smá saman minnkandi og um 1845 var því svo til hætt.

¹⁴ Ólafur Jónsson: *Ódáðahraun II*, 329-330.

¹⁵ Ólafur Jónsson: *Ódáðahraun II*, 331-334.

¹⁶ Jón E. Vestdal: „Brennisteinsnám“, 65-66. - Ólafur Jónsson: *Ódáðahraun II*, 335-338.

Fjölmarginir ferðamenn frá miðri 18 öld og fram á þá 19. lögðu leið sinni að námunum við Kröflu og Hliðarnámum og lýstu þeim. Eggert Ólafsson og Bjarni Pálsson skoðuðu námurnar árið 1752 og gerðu þar ýmsar mælingar og athuganir.¹⁷ Ole Henckel skoðaði námurnar árið 1775. Fram kemur í skýrslu hans um brennisteinsnám á Íslandi að námurnar í Kröflu hafi áður verið ágætar, en hafi spillst í Mývatnseldunum 1724-29.¹⁸ Sveinn Pálsson skoðar Hliðarnámur árið 1794. Í Ferðabók hans kemur greinilega fram að námurnar þar eru enn nýttar. En samkvæmt honum mun árið áður hafa verið meira flutt af brennisteini þaðan til hreinsunarverksins í Húsavík en nokkru sinni fyrr.¹⁹ Þegar Henderson er á ferð hér árið 1814 lýsir hann ummerki brennisteinsnáms í Hliðarnámum svo:

Jeg sá líka gryfjur, sem bændur höfðu mokað brennisteininum upp úr og virtist þar hafa verið unnið að af mikilli eyðslusemi; enda hlýtur ávalt að verða svo þegar brennisteinninn er grafinn upp skipulagslaust og þeir sem það gera hafa ófullnægjandi kunnáttu í starfinu.²⁰

Jónas Hallgrímsson rannsakaði námurnar árið 1839. Hann tekur undir orð Henckels um Kröflunámur, en hiti frá Mývatnseldum kemur í veg fyrir námugróft, auk þess sem erfitt er að komast að námunum. Námurnar voru flestar í gili suðvestan við Kröflu og við Vífi. Ekki er hægt að komast að þeim á hestum og varð að bera brennisteinninn á bakinu upp snarbrattar og sleipar brekkurnar. Austur frá gjánni lágu námur upp effir hlíðum Kröflu. Jónas minnst ekki á námur við Leirhnjúk. Hann reiknar stærð Hliðanáma um 1/16 úr fermílu að flatamáli en reglulegar brennisteinsnámur þekja þó lítinn hluta svæðisins.²¹

Árið 1871 lýsir svo Prófessor Fr. Johnstrup námunum. Hann segir Hliðarnámur vera mestar og auðgastar. Námurnar eru mestar uppi á Námafjalli, austan við miðju, og svo austan við fjallið meðfram hraunbrúninni. Hann minnst ekki á námur vestan við fjallið en þær sem áður voru þar virðast þá vera horfnar. Þetta er í fyrsta sinn sem minnst er á námur í hrauninu austan fjallsins.²²

Brennisteinsnámið fór þannig fram að leirlagi sem var að finna á yfirborði námanna var mokað af og brennisteinninn síðan fjarlægður. Flestar námurnar sem nýttar voru í Kröflu og Hliðarnámur voru lifandi námur og endurnýjaðist brennisteinninn í þeim²³ Þorvaldur Thoroddsen telur að mikill brennisteinn hafi náð að safnast saman í námurnar fyrir Landnám. Þann forða hafi menn svo nýtt lengi vel en endurnýjun brennisteins ekki verið nóg til þess að bæta það sem var tekið.²⁴

Í lok 19. aldar og rétt eftir aldamótin 1900 sýndu Englendingar brennisteinsnámi á svæðinu áhuga en ekkert varð úr áformum þeirra. Brennisteinsverksmiðja var svo byggð í Bjarnarflagi við Námafjall á árunum 1938-9 og var hún tekin í notkun í lok sumars 1939. Hún brann svo nokkrum dögum seinna en var endurreist. Brennisteinsvinnslan gekk brösulega og var henni hætt í lok ársins 1940.²⁵

¹⁷ Eggert Ólafsson: *Ferðabók Eggerts Ólafssonar og Bjarna Pálssonar*, 75-78.

¹⁸ Ólafur Olavíus: *Ferðabók II*, 283-284.

¹⁹ Sveinn Pálsson: *Ferðabók Sveins Pálssonar*, 398.

²⁰ Henderson, Ebenezer: *Ferðabók. Frásagnir um ferðalög um þvert og endilangt Ísland árin 1814-15*.

²¹ Jónas Hallgrímsson: „De islenske Svovllejer“, 11-12.

²² Ólafur Jónsson: *Ódáðahraun II*, 368.

²³ Ólafur Jónsson: *Ódáðahraun II*, 343. Henckels, Ole: um brennisteinsnám á Íslandi var gefin út í *Ferðabók Ólafar Olavíus*. - Jónas Hallgrímsson: “De islenske Svovllejer”, 11-12.

²⁴ Þorvaldur Thoroddsen: *Lýsing Íslands*, 249.

²⁵ Ólafur Jónsson: *Ódáðahraun II*, 366-382.

Flutningsleiðir brennisteinsins úr Hlíðarnámum austanmeginn í Námafjalli hafa hugsanlega legið um Hvíthólaklif. Við Mývatnseldanna tók þá leið af, auk þess sem leiðin frá Kröflu spilltist en greiðfært mun hafa verið þaðan og vestur á Hólasand.²⁶ Víða er hægt að sjá leifar gatna tengdum brennisteinsflutningi sem hverfa inn undir hraunið vestan við Leirhnjúk.



Mynd 8. Gamlar reiðgötur frá Kröflu sem hverfa inn undir hraun frá Mývatnseldum. Göturnar eru uppblásnar skammt sunnan við. Séð í suður. Hlíðarfjall í bakgrunni. Mynd ISK 2008.

Lýsing


Ekkí eru neinar sjáanlegar minjar um námugróft á námasvæðum Kröflu og Hlíðarnáma. Brennisteinn var yfirleitt tekinn úr lifandi námum sem endurnýjuðust og hurfu því vegsummerkin smá saman. Þá hafa töluverðar jarðhræringar verið á svæðinu og háhitasvæðin breyst. Á stöku stað má sjá leifar af reiðgötum sem hugsanlega eru tengdar flutningi á brennisteini, m.a. í Hvíthólaklifi (474) og norðan við Hlíðarfjall við Sauðhnjúka (475).

Verndunarforsendur

Ekkí eru neinar sjáanlegar minjar um brennisteinsnámurnar aðrar en reiðgöturnar. Mikið rask hefur verið á svæðinu vegna eldgosa. Námurnar teljast því ekki hafa mikið verndunargildi sem slíkar. Reiðgöturnar eru þó hluti af stærri heild, en rekja má götur tengdum brennisteinsflutningi yfir allan Hólasand.

²⁶ Jón Gauti Jónsson: „Mývatnssveit með kostum og kynjum“, 182.

2.4 Þjóðleiðin milli Norður- og Austurlands / Gamlivegur



Mynd 9. Dreifing minja tengdum Gamlaveg, gömlu þjóðleiðinni milli Norður- og Austurlands 424-445). Einnig sjást hér dreifing minja Dalhúsa og Dalréttar (446-454).

Heimildir

Hin forna þjóðleið frá Norðurlandi að Austurlandi er að hluta inni á svæðinu. Vegurinn lá frá Reykjahlíð, yfir Námaskarð og austur að sæluhúsi við Jökulsá á Fjöllum. Hann var allur varðaður og má enn sjá leifar af vörðunum víða. Núverandi þjóðvegur fylgir honum að hluta. Í Örnefnaskrá Reykjahlíðar er minnst á Gamlaveg sem var lagður 1880.²⁷ Vörðurnar hafa margar hverjar verið endurreistar af Birki Fanndal í Reykjahlíð. Er það lengst komið á vestasta hluta vegarins. Fornleifastofnun hefur skráð veginn árið 1999 og árið 2007.²⁸

²⁷ Örnefnaskrá Reykjahlíðar 27 (1311).

²⁸ Jón Gauti Jónsson: „Mývatnssveit með kostum og kynjum“, 196. - Birna Lárusdóttir, o.fl.: *Fornleifaskráning í Skútustaðahreppi IV*, 99. – Uggi Ævarsson. *Deiliskráning*, 13.



Mynd 10. Nýleg varða, hrunin að hálfu. Nýlega upphlaðnar vörður varða gömlu þjóðleiðina austan Námaskarðs. Hægra megin sést í núverandi þjóðveg. Séð í austur. Mynd ISK 2008.

Lýsing

Á rannsóknarsvæðinu voru skráðar 18 vörður í tveimur röðum sem tilheyra leiðinni. Af þeim mynduðu 15 vörður (431-445) röð í austur-vestur skammt norðan við þjóðveg. Vörðurnar byrja skammt austan við Námaskarð og eru greinilega nýlega upphlaðnar. Þær eru mjög ferkantaðar að lögum og eru litlar sem engar skófir á steinunum. Þær eru um tveir metrar á hæð en sumar þeirra hafa þó hrunið. Um 100 m eru milli varðanna. Um 100 m norðan við er svo önnur röð af vörðum (424, 428, 429). Þær eru allar hrundar að einhverju leyti og virðast mun fornlegri en hinar fyrrnefndu. Samhliða þeim er svo greinileg gata (426). Erfitt er að greina götuna í vestur þar sem uppblástur hefur verið á hluta svæðisins auk þess sem ætla má að núverandi þjóðvegur liggja á svipuðum stað yfir skarðið og gamla þjóðleiðin lá. Bæði vörðurnar og gatan halda áfram til vesturs. Norðan við vörðurnar má svo sjá leifar af gamla bílveginum (425) og er líklegt að reiðgötur séu þar undir.




Mynd 11. Reiðgötur á gömlu þjóðleiðinni milli Norður- og Austurlands. Vinstra megin við sést í vörðu og núverandi þjóðveg. Dalfall og Námaskarð í bakgrunni. Mynd SB 2008.

Verndunarforsendur

Margar minjar eru á svæðinu sem tengjast leiðinni. Bæði eru þarna greinilegar götur auk leifar af fornum vörðum. Þetta eru minjar um eina mikilvægustu og fjölförnustu leið svæðisins, leiðina sem tengdi Norður- og Austurland saman. Núverandi þjóðvegur fylgir gömlu leiðinni á löngum kafla og eru vörðurnar og göturnar sjáanlegar þaðan. Hér mætast því tveir ólíkir samgöngumátar á skemmtilegan máta.

2.5 Dalsrétt og Dalshús



Mynd 12. Uppdráttur af minjum við Dalshús og Dalsrétt. Hleðslur eru táknaðar með ljósgrænu, dældir með grænu og götur með brúnu. Loftmynd Loftmyndir ehf.

Heimildir

Í Hlíðardal austan Námaskarðs eru rústir beitarhúsa sem kallast Dalshús auk leifar Dalsréttar. Dalshús og Dalsrétt eru á stórum grasi vöxnum hól fast við hlíðar Dalbjalls. Töluvert kjarr er í hlíðinni fyrir ofan, en að öðru leyti eru vallendisflákar umhverfis. Norðan við hólinn liggur gil niður úr Dalsfjalli. Ólafur Jónsson nefnir í verki sínu um Ódádahraun að á grastorfu austan við Námaskarð hafi verið beitarhús frá Reykjahlíð

en að nú sjáist þeirra engin teljandi merki.²⁹ Samkvæmt Árbók Ferðafélagsins frá 2001 eru rústir beitarhúsa frá Reykjahlíð á grænum bala um 1 km inn í dalnum, en við þær er Dalsrétt, sem er hlaðin úr grjóti og stendur enn að nokkru.³⁰ Dalsrétt mun hafa verið skilarétt fyrir Austurfjöll allt til ársins 1880.³¹



Mynd 13. Dalsrétt og Dalshús. Gilið með tveimur hólfum sést greinilega. Myndin er tekin í suðaustur úr hlíðum Dalsfjalls. Mynd ISK 2008.

Lýsing

Dalsrétt (449) og Dalshús (450) standa á grasi vaxnum hól. Réttin er mjög greinileg. Hún er aflöng og myndar u í kringum Dalhús. Sjö hólf eru í réttinni. Í norðri er gilið nýtt sem hluti af réttinni og eru tvö hólf þar. Op er í garðlagi (454), sem liggur niðri í gilinu, og hefur hugsanlega verið rekið inn þar. Ekki sést í grjót í réttinni en hún er grasi vaxin. Sumar hleðslurnar eru mjög sokknar

Sunnan við réttina er aflöng tóft (450), 22 x 13 m að stærð, og snýr frá norðri til suðurs. Tóftin er grasi vaxin og er mjög greinileg. Bálkur er í miðri tóftinni norðanmegin. Op er í suðurhlíð og hefur inngangur að öllum líkindum verið þar. Veggirnir eru enn nokkuð reisulegir og eru um 1,1 m á hæð. Við norðurhlíð er ferköntuð viðbygging, 7,2 x 8,6 m að stærð. Bendir allt útlit tóftarinnar til að um sé að ræð fjárhús með viðbyggðri hlöðu. Út frá norðausturhorni hlöðunnar liggur smá garðspotti yfir gilið og myndar þar aðhald, líklega hluta af réttinni. Út frá útliti og gróðri á tóftinni er líklegt að hún hafi verið í notkun á sama tíma og réttin. Hugsanlega geta fleiri minjar leynst undir rústinni.

²⁹ Ólafur Jónsson: *Ódáðahraun I*, 57

³⁰ Jón Gauti Jónsson: „Mývatnssveit með kostum og kynjum“, 172.

³¹ Örnefnaskrá Reykjahlíðar 1305

Vestan við fjárhústóftina, suðvestast á hólnum, er lítil tóft (452), 5,9 x 4,6 m að stærð, mjög útfloött, en vegg hæð er um 0,3 m þar sem hún er hæst. Tvær dældir (451 og 453) eru sitt hvoru megin við tóftina og eru hugsanlega leifar torftekju.

Út frá réttinni liggur garður (447) í suður sem beygir svo í vestur. Hugsanlega beygir garðurinn svo í norður og umlykur hólinn, en ekki er hægt að rekja hann þar. Annar garður (448) liggur samhliða þeim fyrri smá spotta. Mikið er af götum vestan við hólinn, sem Dalhús og Dalsrétt eru á, og er hægt að rekja götur (446) frá hólnum drjúgan spöl í suður.




Mynd 14. Gata frá Dalsrétt og Dalshúsi suður að Námaskarði. Horft í norður. Mynd SB 2008.

Verndunarforsendur

Tóftirnar eru allar friðaðar sem fornleifar. Þær mynda heildstæða menningarheild á friðsælum og fallegum stað. Hugsanlega leynast einnig fleiri minjar undir þeim sjáanlegu. Þær hafa því töluvert minjagildi.

2.6 Fornbýli á Selholt



Mynd 14. Uppdrátur af tóftunum á Selholtri. Uppmælingar ISK og SB, 2008. Loftmynd frá Loftmyndum ehf.

Heimildir

Austan vegar í Hlíðardal eru Selholt, en syðst á þeim eru tvær stórar tóftir. Tóftirnar eru taldar vera af fornþýli sem engar heimildir eru um. Í Árbók Þingeyinga frá árinu 1991 er eftirfarandi lýsing að finna:

Selholt er örnefni í Hlíðardal, sunnan Skarðssels. Syðst í Selholinu, um 1,5 km sunnan við Skarðssel, eru mjög fornar húsarústir. Rústirnar eru tvær og er fjarlægð milli þeirra um 50 m. Báðar rústirnar virðast vera af skálum með tveimur viðbyggingum. Annar skálinn er um 16 m langur og 4,5 m breiður, hinn um 13,5 m langur og 5 m breiður. Viðbyggingarnar eru miklu minni. Enginn garður sést umhverfis þessar rústir.³²

Tóftirnar standa sín á hvorum hól og er annar þeirra töluvert lægri. Bjarni F. Einarsson, fornleifafræðingur, hefur grafið þrjú skálur í aðra rústina. Samkvæmt álit hans og gjóskulagafræðinga munu húsini vera eldri en frá 1104.³³ Dallækur rennur vestan við

³² Eysteinn Tryggvason. „Stöng og önnur eyðibýli við norðanvert Mývatn“, 32.

³³ Birna Lárusdóttir, o.fl.: *Fornleifaskráning í Skútustaðahreppi IV*, 90.

Selholtið, skammt austan vegar. Vatnið í honum er volgt, en að Dallæk fráskildum er lítið um vatn á svæðinu og jarðvegur mjög þurr.



Mynd 15. Efri tóftin á Selholti. Horft í suðaustur. Mynd ISK 2008.


Lýsing

Tóftirnar tvær eru fornar að sjá og eru veggir mjög sokknir og útflattir. Þær eru lyngivaxnar en fjalldrapi, víðir og lynggróður vex umhverfis þær. Um 50 metrar skilja þær að og er önnur tóftin á lægri hól sunnan við hina. Tóftirnar eru mjög svipaðar að gerð. Í þeim er eitt aflangt hólf, en tvö hólf eða viðbyggingar við norðurenda vesturhliðar. Langveggir eru bogadregnir. Efra húsið er töluvert greinilegra, um 24,5 x 14,8 m að stærð. Neðri tóftin er aftur á móti um 24,2 x 14,2 m að stærð. Erfitt er að greina hvort einhverjar fleiri tóftir séu í grennd við þessar tvær, þar sem gróðurþekja er mjög þykk og undirlag ójafnt. Gamall bíslóði liggur yfir Dallæk og upp brekkuna milli tóftanna og nánast alveg upp við austurhlið efri tóftarinnar.

Verndunarforsendur

Þetta eru elstu minjarnar sem skráðar voru á svæðinu. Ekki eru heimildir um fornbylí hér en útlit tóftanna og rannsókn Bjarna F. Einarsson bendir til að svo sé. Tóftirnar hafa því mikið minjagildi.

2.7 Skarðssel



Mynd 16. Dreifing minja á Skarðsseli. Uppmæling ISK og SB. Loftmynd frá Loftmyndum ehf.

Heimildir


Við botn Hlíðardals, skammt austan vegar eru greinilegar rústir. Hér var lengi ein helsta selstöð Reykjahlíðar, Skarðssel. Selið mun hafa verið notað fram að aldamótunum 1900.³⁴ Skarðssels er oft getið í gömlum heimildum.³⁵ Grösugt vallendi er í kringum rústirnar. Vestan við tætturarnar milli þess og vegarins rennur Dallækur sem er volgur. Austan megin hækkar svo landið. Lind kemur undan brekkunni rétt ofan við selið. Leifar af götum, sem líklega hafa tengst selförum í Skarðssel auk brennisteinsflutningum, má sjá vestan við Skarðssel, neðst í Hvíthólaklifi, stóru skarði milli Dalbjalls og Þríhyrninga. Í Mývatnseldum á 18. öld hefur hraun runnið austur um skarðið og ofan í Hlíðardal. Við það hafa göturnar spillst en enn má þó sjá móta fyrir þeim.³⁶

³⁴ Ólafur Jónsson: *Ódádahraun I*, 54.

Ólafur Jónsson: *Ódádahraun III*, 148. - Jón Gauti Jónsson: „Mývatnssveit með kostum og kynjum“, 173.

³⁵ Jón Gauti Jónsson: „Mývatnssveit með kostum og kynjum“, 173. Minnst er á Skarðssel í sóknarlýsingu frá 1839.

³⁶ Jón Gauti Jónsson: „Mývatnssveit með kostum og kynjum“, 174.



Mynd 17. Uppdráttur af minjum við Skarðssel. Uppmælingar gerðu ISK og SB, 2008. Loftmynd frá Loftmyndum ehf.

Lýsing

Tóftirnar eru um 50 m austan við Kröfluveg. Gamall bíslóði liggur frá veginum yfir lækinn og inn á rústasvæðið. Fimm tóftir eru greinanlegar í Skarðsseli og eru þrjár þeirra áberandi stærri en hinar. Ekki virðast allar tóftirnar vera jafngamlar en það passar við að hér hafi lengi verið selstaða. Vestasta tóftin (458) er nokkuð sokkin og er hugsanlega eldri en hinar tvær stóru tóftirnar. Hún er gras vaxin og er ekkert grjótt sjáanlegt í veggjum. Útlinur eru sumstaðar ógreinilegar en þrjú hólfa eru þó greinanleg. Ekki er hægt að greina nein op milli hólfa. Tóftin er um 14,7 x 13,6 m að stærð.



**Mynd 18. Skarðssel. Tóft með þremur hólfum. Tekið í suður.
Mynd SB.**

Örfáum metrum austur er önnur stór aflöng tóft (457). Sú tóft er nokkuð yngri að sjá en stærð tóftarinnar er 16,5 x 9,8 m. Tóftin er grasi vaxin en grjóthleðslur sjást í veggjum. Líklega hefur þetta verið fjárhús. Lítið hól er samanbyggt við tóftina, norðan megin, en veggir þess eru töluvert lægri og minni umfangs.

Norðan við fjárhúsið er svo lítil ferköntuð tóft (455) um 6,3 x 4,5 m. Veggir eru mjög lágir og virðast aldrei hafa verið mjög háir. Sunnan við tóftina vottar fyrir smá hleðslu. Að öllum líkindum er þetta aðhald. Tóftin virðist vera nokkuð gömul. Vestan við tóftina er svo dálítill manngerð dæld.

Stærsta tóftin (460) er um 25 m suðaustur af fjárhúsinu. Tóftin er um 17,8 x 14,8 m að stærð og vegg hæð 1,5 m. Fjögur hól eru greinanleg í tóftinni og er inngangur sunnan megin. Grjóthleðslur eru greinilegar í tóftinni sem að öðru leyti er þakin grasi. Sumstaðar eru útlínur ógreinilegar sökum hruns úr veggjum. Hér hafa greinilega verið híbýli. Töluvert er af veggjaleifum og garðlögum í kringum tóftina.

Um 15 m suðvestan við tóftina er sporöskjulaga tóft (462), 9,3 x 5,9 m að stærð. Veggir eru mjög mjóir og mjög signir. Tóftin er öll frekar ógreinileg og virðist þetta vera elsta tóftin á svæðinu. Hún stendur á smá hæðarhrygg, sem liggur í suður, en norðan megin er upphækkun sem hugsanlega er manngerð að einhverju leyti.

Skammt suðaustan er lítill hringlaga niðurgröftur með hleðslu í kring(463). Mikið er af dældum og þústum á svæðinu og ekki er ólíklegt að fleiri tóftir sé þar að finna. Gata (464) liggur að selinu úr suðri. Norðan við tóftirnar er sléttlendi sem líklega hefur verið tún. Þar er hægt að greina grannar rásir, að öllum líkindum leifar af vatnsveitu. Smá bílastæði er vestan við veginn á mótis við Skarðssel. Frá stæðinu liggur stikaður göngustígur, sem liggur upp Hvíthólaskarð. Neðst í skarðinu, fyrir neðan göngustíginn, má sjá gamlar reiðgötur hverfa inn undir hraunið frá 1729.

Skammt suðaustan er lítill hringlaga niðurgröftur með hleðslu í kring(463). Mikið er af dældum og þústum á svæðinu og ekki er ólíklegt að fleiri tóftir sé þar að finna. Gata (464) liggur að selinu úr suðri. Norðan við tóftirnar er sléttlendi sem líklega hefur verið tún. Þar er hægt að greina grannar rásir, að öllum líkindum leifar af vatnsveitu.



Mynd 19. Stærsta tóffin (460) í Skarðseli. Í bakgrunni er vegurinn upp í Kröflu og svo Dal fjall og Hvíthólakliff. Hægra megin sést í tóft með þremur hólfum (458) og fjárhústóft (457).

Smá bílastæði er vestan við veginn á mótis við Skarðssel. Frá stæðinu liggur stikaður göngustígur, sem liggur upp Hvíthólaskarð. Neðst í skarðinu, fyrir neðan göngustíginn, má sjá gamlar reiðgötur hverfa inn undir hraunið frá 1729.

Verndunarforsendur

Minjarnar hafa verið í notkun á mismunandi tímabilum og eru friðaðar sem fornleifar. Mikið er af ferðamönnum sem nýta sér göngustíga í grennd við selið á leið sinni milli Kröflu og Námaskarðs. Minjarnar vekja talsverða eftirtekt og staðurinn er vinsæll áningarstaður. Þá gefur hann góða mynd af fjölbreyttum minjum tengdum seljabúskap.



Mynd 20. Reiðgötur neðst í Hvíthólaskarð sem hverfa undir hraun úr Mývatnseldunum 1724-29.

3 Niðurstöður

	Úrval	Sjaldgæfni	Rannsóknar-og heimildagildi	Upplifun	Upprunaleiki	Menningarlandsf. Minjaheild	Táknraent gjaldi	Aðgengi	Notkunargildi	Ásigkomulag	Útkoma
Fjárborg	0	0	0	0	+	0	0	+	0	+	3
Jarðböðin á Mývatni	0	+	+	0	+	+	0	+	+	0	6
Brennisteinsnámur í Hlíðarnámum og við Kröflu	0	0	0	0	+	+	0	+	0	0	3
Þjóðleið/Gamlivegur	+	0	0	+	+	+	+	+	+	+	8
Dalsrétt og Dalshús	+	0	+	+	+	+	0	+	+	+	8
Fornbýli á Selholt	+	+	+	+	+	0	0	+	+	+	8
Skarðssel	+	0	+	+	+	+	0	+	+	+	8

Rannsóknarsvæðið við Kröflu og Hlíðarnámur einkennist af nýlegu hrauni og jarðhita. Undantekning frá þessu er í Hlíðardal. Nær allar minjar sem skráðar voru við þessa rannsókn eru á því svæði. Nokkrar minjar voru þó skráðar vestan við Námaskarð. Mývatn er vinsæll ferðamannastaður og margir ferðamenn koma þangað til að skoða háhitasvæðin. Stíkaðir gönguslóðar eru í grennd við Skarðssel og Jarðbaðsminjar og auðvelt aðgengi er að Selholti, Dalsrétt og Dalshúsi, auk þess sem gamla þjóðleiðin er mjög sýnileg frá þjóðveginum. Það mætti því gjarnan gera minjunum á svæðinu hærra undir höfði og vekja athygli ferðamanna á þeim. Á þetta sérstaklega við um Skarðssel þar sem stíkaður göngustigur endar og bílastæði er.

Bæði Skarðssel og Dalshús/Dalsrétt eru dæmi um góðar minjaheildir. Selholt eru sérstakar minjar að því leyti að þær eru mjög gamlar og lítið vitað um þær. Þær hafa því töluvert rannsóknargildi.

4 Heimildaskrá

Ari Trausti Guðmundsson: *Eldgos 1913-2004*. Vaka-Helgafell, Rv., 2005.

Birna Lárusdóttir, Elín Ósk Hreiðarsdóttir, Hildur Gestsdóttir, Orri Vésteinsson og Sædís Gunnarsdóttir: *Fornleifaskráning í Skútustaðahreppi IV*. Fornleifastofnun Íslands ses, Rv., 2000.

Eggert Ólafsson: *Ferðabók Eggerts Ólafssonar og Bjarna Pálssonar II*. Haraldur Sigurðarsson og Helgi Hálfðánarson, Rv., 1943.

Eysteinn Tryggvason: „Stöng og önnur eyðibýli við norðanvert Mývatn“, *Árbók Þingeyinga* 1991 (Húsavík, 1991), 25-36.

Henderson, Ebenezer: *Ferðabók. Frásagnir um Ferðalög um þvert og endilangt island árin 1814-15 með vetursetu í Reykjavík*. Snæbjörn Jónsson & co. h.f., Rv., 1957.

Jón Benediktson: „Myvands Thinglav“, *Sýslulýsingar 1744-1749*. Sögufélagi, Rv., 1957 (Sögurit XXVIII).

Jón Gauti Jónsson: „Mývatnssveit með kostum og kynjum“, *Árbók Ferðafélag Íslands* 2006 (Rv., 2006), 6-261.

Lýsing Þingeyjarsýslu I. Suður-Þingeyjarsýsla. Helgafell, Rv., 1954 (Ritsafn Þingeyinga 1-2).

Jón E. Vestdal: „Brennisteinsnám“, *Iðnsaga Íslands II*. Ritstj. Guðm. Finnbogason (Rv., 1943), 59-73.

Jónas Hallgrímsson: “De islenke Svovllejer”, *Rit eftir Jónas Hallgrímsson IV*. Ísafoldarprentsmiðja h.f., Rv., 1934.

Ólafur Ólafsson Olavius: *Ferðabók: landshagir í norðverstur-, norður og norðaustursýslum Íslands 1775-1777: ásamt ritgerðum Ole Henckels um brennisteinsnám og Christian Zieners um surtarbrand II*. Bókfellsútgáfan, Rv., 1965.

Ólafur Jónsson: *Ódáðahraun I, II og III*. Norðri, Ak., 1945.

Sveinn Pálsson: *Ferðabók Sveins Pálssonar*. Snælandsútgáfan, Rv., 1945.

Uggi Ævarsson: *Deiliskráning vegna fyrirhugaðra framkvæmda við línustæði*. Fornleifastofnun Íslands ses. Rv., 2007.

Þorvaldur Thoroddsen: *Lýsing Íslands I*. Hið íslenska bókmenntafjélag, Kaupmannahöfn 1911.

Óútgefið efni

Helgi Hallgrímsson: Söguminjar í Mývatnssveit. 1979.

Örnefnaskrá Reykjahlíðar. Upplýsingar gaf Pétur Jónsson, Reynihlíð. Örnefnastofnun Íslands.

Örnefnaskrá Voga. Viðbót 1. Svör Sigurgeirs Jónassonar, bónda í Vogum, við spurningum um örnefni Voga, skráð í febr.-marz 1988. Örnefnastofnun Íslands

Viðtal við Sigfús Illugason sem ættaður er frá Reykjahlíð.

5 Viðauki 1 – listi yfir skráðar fornleifar

Fjárborg

fvrnr	dags	skras	serheiti	tegund	hlutverk	ar_fra	ar_til	fridl	astand	h_mat	h_orsok	vh_til	vbr	X ISN93	Y ISN93
471	29.7.2008	sb		náttúruminjar	óþekkt	800	1950	nei	heillegar	hætta	framkvæmda	0	0	598078,16	573566,07

Jarðböð

fvrnr	dags	skras	serheiti	tegund	hlutverk	ar_fra	ar_til	fridl	astand	h_mat	h_orsok	vh_til	vbr	X ISN93	Y ISN93
468	29.7.2008	sb		garðlag	óþekkt	800	1950	nei	heillegar	engin hætta		1,4	1	598730,14	572639,43
469	29.7.2008	sb		garðlag	óþekkt	1800	1960	nei	vel greinanleg	engin hætta		0,5	0	598710,54	572602,72
470	29.7.2008	sb		hleðsla	óþekkt	1800	1950	nei	vel greinanleg	engin hætta		2	1	598713,66	572560,56
466	29.7.2008	sb		niðurgroftur – hleðsla	laug	800	1900	nei	ilgreinanleg	hætta	framkvæmda	0,4	0	598878,26	571831,74
467	29.7.2008	sb		niðurgroftur – hleðsla	laug	800	1900	nei	ilgreinanleg	hætta	framkvæmda	0,2	1	598878,10	571836,85

Brennisteinsnám

fvrnr	dags	skras	serheiti	tegund	hlutverk	ar_fra	ar_til	fridl	astand	h_mat	h_orsok	vh_til	vbr	X ISN93	Y ISN93
474	28.7.2008	sb		gata	leið	800	1730	nei	greinanleg	hætta		0	0	601771,56	578162,57
475	28.7.2008	sb		gata	leið	800	1729	nei	greinanleg	hætta	rofs	0	0	598926,42	579029,98

Gamli vegur - leið

fvrnr	dags	skras	serheiti	tegund	hlutverk	ar_fra	ar_til	fridl	astand	h_mat	h_orsok	vh_til	vbr	X ISN93	Y ISN93
424	29.7.2008	isk	Hlíðardalur	varða	kennimark	800	1900	nei	vel greinanleg	engin hætta		0,8	0	601427,08	573906,48
425	29.7.2008	sb	Hlíðardalur	gata	kennimark	800	1900	nei	greinanleg	hætta	rofs	0	0	603604,13	574812,15
426	29.7.2008	isk	Hlíðardalur	gata	leið	800	1900	nei	greinanleg	engin hætta		0	6	601721,48	573938,13
427	29.7.2008	sb	Hlíðardalur	niðurgroftur	óþekkt	800	1950	nei	vel greinanleg	engin hætta		0	0	601756,50	574209,05
428	29.7.2008	isk	Hlíðardalur	varða	kennimark	800	1900	nei	greinanleg	engin hætta		1,2	0	601556,49	573923,19
429	29.7.2008	isk	Hlíðardalur	varða	kennimark	800	1900	nei	greinanleg	engin hætta		0,6	0	601652,26	573936,96
431	25.7.2008	sb	Hlíðardalur	varða	kennimark	800	2000	nei	heillegar	engin hætta		0	0	600672,85	573733,41
432	25.7.2008	sb	Hlíðardalur	varða	kennimark	800	2000	nei	heillegar	engin hætta		0	0	600764,21	573738,61
433	25.7.2008	sb	Hlíðardalur	varða	kennimark	800	2000	nei	heillegar	engin hætta		1,5	0	600849,72	573746,73

Gamli vegur – leið (frh.)

fvnr	dags	skras	serheiti	tegund	hlutverk	ar_fra	ar_til	fridl	astand	h_mat	h_orsok	vh_til	vbr	X ISN93	Y ISN93
434	25.7.2008	sb	Hliðardalur	varða	kennimark	800	2000	nei	greinanleg	engin hætt		0,8	0	600940,87	573757,49
435	25.7.2008	sb	Hliðardalur	varða	kennimark	800	2000	nei	heillegar	engin hætt		1,7	0	601025,16	573764,50
436	25.7.2008	sb	Hliðardalur	varða	kennimark	800	2000	nei	vel greinanleg	engin hætt		1,4	0	601107,47	573774,50
437	25.7.2008	sb	Hliðardalur	varða	kennimark	800	2000	nei	heillegar	engin hætt		1,8	0	601182,80	573782,93
438	25.7.2008	sb	Hliðardalur	varða	kennimark	800	2000	nei	heillegar	engin hætt		1,5	0	601269,67	573792,26
439	25.7.2008	sb	Hliðardalur	varða	kennimark	800	2000	nei	heillegar	engin hætt		1,8	0	601361,94	573802,29
440	25.7.2008	sb	Hliðardalur	varða	kennimark	800	2000	nei	heillegar	engin hætt		2	0	601443,17	573816,14
441	25.7.2008	sb	Hliðardalur	varða	kennimark	800	2000	nei	vel greinanleg	engin hætt		1,3	0	601532,56	573832,18
442	25.7.2008	sb	Hliðardalur	varða	kennimark	800	2000	nei	heillegar	engin hætt		1,6	0	601616,89	573848,61
443	25.7.2008	sb	Hliðardalur	varða	kennimark	800	2000	nei	vel greinanleg	engin hætt		1,4	0	601702,76	573864,29
444	25.7.2008	sb	Hliðardalur	varða	kennimark	800	2000	nei	vel greinanleg	engin hætt		1,6	0	601791,04	573880,79
445	25.7.2008	sb	Hliðardalur	varða	kennimark	800	2000	nei	greinanleg	engin hætt		0	0	601868,31	573896,34

Dalshús

fvnr	dags	skras	serheiti	tegund	hlutverk	ar_fra	ar_til	fridl	astand	h_mat	h_orsok	vh_til	vbr	X ISN93	Y ISN93
446	25.7.2008	sb	Dalshús	gata	leið	800	1900	nei	greinanleg	engin hætt		0	0	600864,93	574300,26
447	25.7.2008	isk	Dalsrétt	garðlag	óþekkt	1500	1880	nei	greinanleg	engin hætt		0,3	1	600955,54	574560,85
448	25.7.2008	isk	Dalsrétt	garðlag	óþekkt	1500	1880	nei	greinanleg	engin hætt		0,3	1	600965,50	574547,72
449	25.7.2008	sb	Dalsrétt	tóft	rétt	800	1880	nei	vel greinanleg	engin hætt		1,5	0	600950,70	574615,64
450	25.7.2008	isk	Dalshús	tóft	fjárhús	1500	1880	nei	vel greinanleg	engin hætt		1,1	0	600970,24	574606,36
451	25.7.2008	sb	Dalshús	dæld	óþekkt	800	1900	nei	illgreinanleg	engin hætt		0	0	600988,70	574593,87
452	25.7.2008	sb	Dalshús	tóft	óþekkt	1200	1880	nei	illgreinanleg	engin hætt		0,3	0	600991,80	574591,18
453	25.7.2008	sb	Dalshús	dæld	óþekkt	800	1900	nei	illgreinanleg	engin hætt		0	0	600995,07	574591,28
454	25.7.2008	isk	Dalshús	garðlag	óþekkt	1500	1880	nei	greinanleg	engin hætt		0	0	600982,75	574626,58

Selholt - býli

fvrnr	dags	skras	serheiti	tegund	hlutverk	ar_fra	ar_til	fridl	astand	h_mat	h_orsok	vh_til	vbr	X.ISN93	Y.ISN93
472	24.7.2008	sb	Selholt	tóft	óþekkt	800	1100	nei	vel greinanleg	engin hættu		1	0	601978,13	576703,94
473	24.7.2008	sb	Selholt	tóft	óþekkt	800	1100	nei	greinanleg	engin hættu		0,3	0	601999,67	576650,32

Skarðssel - sel

fvrnr	dags	skras	serheiti	tegund	hlutverk	ar_fra	ar_til	fridl	astand	h_mat	h_orsok	vh_til	vbr	X.ISN93	Y.ISN93
455	25.7.2008	isk	Skarðsel	tóft	óþekkt	1500	1900	nei	greinanleg	engin hættu		0,3	0	602388,69	577945,89
456	25.7.2008	isk	Skarðsel	dæld	óþekkt	1500	1900	nei	illgreinanleg	engin hættu		0	0	602385,43	577948,66
457	25.7.2008	isk	Skarðsel	tóft	óþekkt	1500	1900	nei	vel greinanleg	engin hættu		1	0	602387,47	577923,62
458	25.7.2008	isk	Skarðsel	tóft	óþekkt	1500	1900	nei	greinanleg	engin hættu		1	0	602370,25	577921,12
459	25.7.2008	isk	Skarðsel	hóll	óþekkt	800	1900	nei	illgreinanleg	engin hættu		0	0	602381,04	577897,20
460	25.7.2008	isk	Skarðsel	tóft	óþekkt	1700	1900	nei	vel greinanleg	engin hættu		1,5	0	602390,75	577889,93
461	25.7.2008	isk	Skarðsel	hóll	óþekkt	1500	1900	nei	illgreinanleg	engin hættu		0	0	602369,44	577884,05
462	25.7.2008	isk	Skarðsel	tóft	óþekkt	800	1900	nei	greinanleg	engin hættu		0,3	0	602367,75	577876,36
463	25.7.2008	sb	Skarðsel	tóft	óþekkt	800	1900	nei	greinanleg	engin hættu		0,3	0	602371,66	577866,15
464	25.7.2008	sb	Skarðsel	gata	leið	800	1900	nei	greinanleg	hættu	rofs	0	0	602367,17	577833,12
465	25.7.2008	sb	Skarðsel	niðurgroftur	óþekkt	800	1900	nei	vel greinanleg	hættu	annað	0	1	602420,97	577967,42
474	28.7.2008	sb		gata	leið	800	1730	nei	greinanleg	hættu		0	0	601771,56	578162,57
475	28.7.2008	sb		gata	leið	800	1729	nei	greinanleg	hættu	rofs	0	0	598926,42	579029,98